

virðist hinn stefndi eptir úrslitum málsins eiga að greiða áfrýjanda, og þykir hann hæfilega metinn 30 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Aðalkröfu stefnda í þessu máli vísast frá yfirdómi. Áfrýjandi Ingvar Ingvarsson á í þessu máli að vera sýkn af kærur og kröfum eiganda Keflavíkur lóðar, frú Chr. Duus. Að því málskostnað í hjeraði snertir, skal hjeraðsdóminum óraskað. Málskostnað fyrir yfirdómi greiði stefndi áfrýjanda með 30 kr. innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 5. októbermánaðar.

Nr. 20/1891:

Jón Erlendsson
gegn

E. Th. Jónassen.

D ó m u r :

Í 1. tölublaði af blaðinu »Reykvíkingur«, sem út kom 5. jan. þ. á., er meðal annars grein með yfirskriptinni: »Ísafold og bæjarstjórnarkosningin,« en höfundur greinarinnar hefur eigi verið nafngreindur. Í grein þessari er meðal annars farið þeim orðum um stefnda, amtmann E. Th. Jónassen, að hann hafi, síðan hann kom hjer til bæjarins, verið hinn ráðlausasti búhöldur, sem nokkurn tíma hafi verið trúað fyrir bæjarins fje, svo að mönnum hafi staðið mesti stuggur af hans ráðsmennsku, að hann hafi vanrækt að innheimta skuldir fyrir bæinn, og að loksins hafi eptir mörg ár með úr-

skurði orðið að þvinga hann til að skila af sjer fje bæj-
arins, sem þá var enn í vörzlum hans, og sem hann
sannarlega aldrei ætlaði að standa skil á fyr en í fulla
hnefana, sjer til ævarandi óvirðingar. Þessi ummæli
taldi amtmaður E. Th. Jónassen meiðandi fyrir sig, og
höfðaði því mál á móti manni þeim, sem stóð sem á-
byrgðarmaður á blaðinu, hringjara Jóni Erlendssyni, og
var máli því ráðið til lykta með dómi bæjarþingsrjettar
Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 21. maímán. þ. á.,
á þá leið, að Jón Erlendsson var dæmdur til að greiða
50 kr. sekt í landssjóð, eða til vara sæta 15 daga ein-
földu fangelsi; öll hin átöldu ummæli voru dæmd dauð
og ómerk og áfrýjandinn ennfremur skyldaður til að
inna af hendi 15 kr. í málskostnað; jafnframt var um-
boðsmaður hans, Sigurður Sigurðsson, með dóminum
sektaður fyrir ósæmilegan rithátt um 30 kr., er að
helmingi renni í fátækra sjóð Reykjavíkur og að helm-
ingi í landssjóð.

Þessum dómi hefur Jón Erlendsson áfrýjað til yfir-
rjettarins með stefnu, útgefinni 2. júní þ. á., og gjört
þær kröfur hjer fyrir rjettinum, *princípaliter*, að hinn
áfrýjaði dómur verði úr gildi felldur og málinu vísað
frá dómi, og *in subsidium*, að hann verði sýknaður að
öllu leyti, og að málaflutningsmaður hans í hjeraði
verði jafnframt sýknaður fyrir hinni ídæmdu 30 kr.
sekt, en hvernig sem úrslit málsins verða, krefst hann
málskostnaðar fyrir báðum rjettum, að upphæð 70 kr.,
eða eptir mati yfirdómsins. Á hinn bóginn hefur hinn
stefndi E. Th. Jónassen amtmaður krafizt þess, að bæj-
arþingsdómurinn verði staðfestur, og að honum verði
tildæmdur hæfilegur málskostnaður eptir mati rjett-
arins.

Áfrýjandi byggir ómerkingarkröfu sína á þessum ástæðum, að honum hafi verið neitað um framhalds-frest í undirrjettinum hinn 12. marz þ. á., þótt eitt vitni hlypi úr rjettinum óyfirheyrð og annað mætti ekki, að honum hafi, líklega sama dag, verið neitað um meira en fjórðung stundar til að koma fram með munnlega vörn í málinu, að honum hafi hinn 2. apríl verið neitað að koma að gagnspurningum fyrir vitnið Kr. Ó. Þorgrímsson, og að honum hafi verið neitað um skjöl eða skjalaafskriptir, sem sjeu í vörzlum amtmanns og bæjarfógetans í Reykjavík, og sem þóttu geta verið til upplýsingar í málinu. Með því að áfrýjandi kom vitnum þeim að til yfirheyrslu síðar undir rekstri málsins, sem eigi voru yfirheyrð hinn 12. marz, og með því að hann einnig síðar kom að ýtarlegri skriflegri vörn í málinu, þá verða þegar af þeirri ástæðu eigi teknar til greina 2 hinar fyrstnefndu ómerkingarástæður hans, en hinni 3. og 4. ómerkingarástæðunni verður eigi gaumur gefinn, með því að þær hafa eigi við neitt að styðjast, sem er fram komið í málinu fyrir undirrjetti, enda hefur það eigi rjettarfarslega þýðingu í fyrirbyggjandi máli, þótt áfrýjanda hafi eigi heppnast að útvega skjöl máli sínu til upplýsingar úr skjalasöfnum amtsins eða bæjarfógetadæmisins.

Að því er snertir aðalefni málsins, hina átöldu blaðagrein, verður yfirdómurinn að vera undirrjettinum samdóma um það, að þó að eigi felist í henni bein aðdróttun um, að stefndi hafi gjört sig sekan í athöfnum, sem mundu gjöra hann óverðugan virðingu samþegna hans, er hún þó í heild sinni, en sjerstaklega niðurlag klausunnar, sem að framan er tilgreind, mjög sərandi, móðgandi og óvirðandi fyrir stefnda, bæði persónulega

og sem embættismann, og með því að yfirdómurinn einnig verður að fallast á álit undirdómarans um það, að engin þau atvik hafi orðið sönnuð í málinu, er gætu gefið áfrýjanda heimild til að viðhafa hin átöldu ummæli um stefnda, getur áfrýjandi eigi komið hjá sekt fyrir þau, samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, og þykir hún eigi of hátt ákveðin 50 krónur, eins og undirdómurinn hefur gjört. Samkvæmt þessu ber að staðfesta bæjarþingsdóminn bæði að því er sekt, málskostnað og ómerkingu meiðyrða snertir. Með því að málinu eigi hefur verið áfrýjað, að því er snertir sekt Sigurðar Sigurðssonar, málsfærslumanns áfrýjanda fyrir undirrjettinum, verður dóminum eigi heldur breytt að þessu leyti. Eftir þessum úrslitum málsins er rjett, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 16 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi, Jón Erlendsson, hinum stefnda, E. Th. Jónassen, 16 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 27/1891

Íngjaldur Sigurðsson
gegn

bæjarstjórn Reykjavíkur.

D ó m u r:

Með merkjadómi, sem upp var kveðinn í aukarjetti